



Sjúkratryggingar
Íslands

Ágúst
2018

Heilsugæslan á höfuðborgarsvæðinu

BREYTT FYRIRKOMULAG FJÁRMÖGNUNAR – REYNSLAN AF
FYRSTA ÁRINU

Efnisyfirlit

Nýtt fjármögnunarlíkan vegna heilsugæslu á höfuðborgarsvæðinu – úttekt á fyrsta árinu eftir gildistöku	2
Inngangur	2
Samantekt	2
Fjöldi skráðra einstaklinga á heilsugæslustöðvar höfuðborgarsvæðisins	4
Fjöldi koma á heilsugæslu	6
Komur til sérgreinalækna og á bráðamóttöku Landspítala	9
Komur til sérgreinalækna	9
Komur á bráðamóttöku (BMT) Landspítala.	10
Læknavaktin	11
Hlutdeild veittrar þjónustu	13
Kostnaðar- og þarfavísitala	16
Kostnaðarvísitala (KVT)	16
þarfavísitala	17
Átaksverkefni	19
Gæðaviðmið.....	19
Yfirferð lyfjalista hjá öldruðum.	20
Önnur gæðaviðmið.....	20
Greiðslur samkvæmt öðrum dreifireglum	22
Félagsþarfavísitala	23
Greiðslur til heilsugæslustöðva samkvæmt fjármögnunarlíkani	23
Endurskoðun á fjármögnunarlíkani	26
Breytt skráning á heilsugæslu	26

Nýtt fjármögnunarlíkan vegna heilsugæslu á höfuðborgarsvæðinu – úttekt á fyrsta árinu eftir gildistöku

Inngangur

Nú er rúmt ár liðið síðan nýtt fjármögnunarkerfi fyrir heilsugæslustöðvar á höfuðborgarsvæðinu var innleitt. Fjármögnunarkerfið byggir á því að fjármagn til rekstrar hveðrar stöðvar á að endurspegla þann skjólstæðingahóp sem heilsugæslustöðin þjónar. Fjármagnið fylgir einstaklingnum þannig að ef einstaklingur ákveður að breyta sinni skráningu og fara á aðra heilsugæslustöð þá færast fjármagn á nýja stöð.

Greiðslur vegna kostnaðarvísitölu (vísitala sem tekur mið af aldri og kyni) og þarfavísitölu (sem tekur mið af sjúkdómsbyrði) veða þyngst í fjármögnun heilsugæslustöðvanna og eru um 82% af fjármögnun til stöðvanna. Greiðslur vegna fyrir félagsþarfavísitölu¹, sálfræðipjónustu, skólahjúkrun, túlkapjónustu og hvort skráðir skjólstæðingar sækja þjónustu á sína heilsugæslustöð frekar en aðra þjónustu (hlutdeild) og greiðslur vegna gæðaviðmiða veða til samans tæplega fimmtungi af greiðslum til heilsugæslustöðva.

Í eftirfarandi skýrslu verður farið yfir hvernig greiðslur til heilsugæslustöðva á höfuðborgarsvæðinu dreifast samkvæmt fjármögnunarlíkaninu.

Samantekt

Teknar eru saman upplýsingar um hvernig nýtt fjármögnunarkerfi heilsugæslu höfuðborgarsvæðisins hefur áhrif á greiðslur til stöðvanna. Breytt fjármögnun hefur einnig haft áhrif á fjölda skráðra á heilsugæslur á höfuðborgarsvæðinu og fjölda koma yfir árið.

Nýtt kerfi byggir á því að allir sjúkratryggðir íbúar höfuðborgarsvæðisins eru skráðir á heilsugæslustöð eða hjá sjálfstætt starfandi heimilislækni. Á árinu 2017 bættust við tvær nýjar heilsugæslustöðvar á höfuðborgarsvæðinu og fjöldi skráðra einstaklinga jókst í heildina um 5,5% milli ára.

Fjöldi koma á heilsugæslustöðvar á höfuðborgarsvæðinu var samtals 488.193 árið 2017 miðað við 471.036 árið 2016, það er fjölgun um 4% milli ára. Komum fjölgaði hlutfallslega mest á heilsugæslustöðvunum í Efstaleiti (22%) og Firði (23%) en fækkaði mest í Grafarvogi (-11%) og í Efra-Breiðholti (-9%). Að meðaltali voru komur á síðdegisvakt um 10% af heildarkomum til heilsugæslunnar. Í hverjum mánuði sóttu að meðaltali um 2% skráðra einstaklinga þjónustu sérgreinalækna (barna- og geðlækna) og 1,87% þjónustu á bráðamóttöku Landspítala. Komum til sérgreinalækna af skráðum skjólstæðingum heilsugæslunnar hefur fækkað hlutfallslega (2,8%) miðað við árið 2016 en komum á bráðamóttöku fjölgað (8%). Alls sóttu rúm 30% einstaklinga sem skráðir eru á heilsugæslur á höfuðborgarsvæðinu þjónustu Læknavaktar árið 2017. Yfir 40% skjólstæðinga heilsugæslunnar í Firði, Hamraborg, Hvammi, Mjódd og Sólvangi sóttu þjónustu Læknavaktar einhvern tíma ársins 2017. Fæstar komur á Læknavakt eru frá skjólstæðingum Urðahvarfs (11%), Seltjarnarnesi (18%), Höfða (16%) og Mosfellsumdæmi (20%).

Fjármögnunarlíkanið gerir ráð fyrir að grunnheilbrigðisþjónustu sé fyrst og fremst sinnt á skráðri heilsugæslustöð. Því fá stöðvarnar sérstaklega greitt ef hlutdeild skilgreindrar grunnheilbrigðisþjónustu er fyrst og fremst á skráðri stöð, en ekki hjá öðrum stöðvum, sérgreinalæknum (barna- og geðlæknum), bráðamóttöku Landspítala eða Læknavakt. Allar stöðvar náðu vel yfir 50% hlutdeild og fimm stöðvar náðu yfir 70% hlutdeild að meðaltali yfir árið.

¹ Félagsþarfavísitala byggir á samsetningu þýðis á viðkomandi heilsugæslustöð, t.d. hversu margir öryrkjar, nýbúar, aldraðir, atvinnulausir og einstæðir foreldrar eru skráðir á viðkomandi stöð.

Fjármagn til heilsugæslustöðva á að endurspegla þann skjólstæðingahóp sem hún sinnir. Þeir hópar sem sækja mest heilsugæsluna eru börn, aldraðir, konur á barneignaaldri (mæðraeftirlit) og langveikir einstaklingar. Þessir þættir eru metnir með kostnaðar- og þarfavísitölu og um 80% af fjármagni sem ætlað er til heilsugæslunnar er skipt samkvæmt þeim þáttum. Kostnaðarvísitalan er hæst hjá heilsugæslunni Efstaleiti (1,15) og Lág múla (1,1) en lægst hjá Urðahvarfi (0,92) og Mosfellsumdæmi (0,93). Þarfavísitalan er hæst hjá Höfða (1,48) en lægst hjá Urðahvarfi (0,85) og Mjódd (0,90).

Greitt var sérstaklega samkvæmt fjármögnunarlíkani fyrir skólahjúkrun, túlkþjónustu og sálfræðiþjónustu sem stöðvarnar veita. Alls var greitt til heilsugæslustöðvanna 7,8% af fjármagni vegna þessara þátta.

Aðrir þættir sem greitt er fyrir í fjármögnunarlíkani beinast að gæðaverkefnum eins og að innleiða Heilsuveru sem gefur skráðum einstaklingum möguleika á lyfjaendurnýjunum, tímabókun og fyrirspurnum í gegnum netið. Einnig er greitt fyrir gæðaviðmið sem beinast aðallega að þáttum sem tengjast lýðheilsu. Áætlað var að 3.8% af fjármagninu færi í greiðslur sem tengjast gæðaviðmiðum en raunin var sú að innan við 2% af fjármagninu var deilt út vegna þeirra. Ef til vill hafa skilyrði verið of há þetta fyrsta ár, því ætla má að einhvern tíma taki fyrir heilsugæslustöðvar að aðlaga sig að breyttum aðstæðum. Til að úthluta öllu því fjármagni sem ætlað var í gæðaviðmið var því farin sú leið að það sem ekki dreifðist með þeim hætti var úthlutað í samræmi við fjölda skráðra samkvæmt kostnaðarvísitölu stöðvanna.

Alls breyttu um 18 þúsund manns skráningu sinni á heilsugæslustöð árið 2017. Mestu breytingarnar tengjast opnun nýrra stöðva og tilfærslu einstaklinga yfir á þær stöðvar. Um 4 þúsund manns breyttu skráningu sinni með því að fara í Réttindagátt, en um 14 þúsund breytingar á skráningu voru gerðar af starfsfólki heilsugæslustöðva.

Fjöldi skráðra einstaklinga á heilsugæslustöðvar höfuðborgarsvæðisins

Nýtt kerfi byggir á því að allir sjúkratryggðir íbúar höfuðborgarsvæðisins séu skráðir á heilsugæslustöð eða hjá sjálfstætt starfandi heimilislækni. Í árslok 2016 voru íbúar sem ekki voru skráðir á heilsugæslustöð eða hjá sjálfstætt starfandi heimilislækni skráðir á þá heilsugæslustöð sem var næst þeirra heimili. Á árinu 2017 bættust við tvær nýjar heilsugæslustöðvar á höfuðborgarsvæðinu og fjöldi skráðra einstaklinga jókst í heildina um 5,5% milli ára. Mesta hlutfallslega breyting á fjölda skráðra var á heilsugæslustöðinni í Grafarvogi þar sem varð fækkun um 11,5% og í Árbæ þar sem fækkunin var 11,4%. Opnun tveggja nýrra heilsugæslustöðva í nágrenni þessara stöðva skýra að miklu leiti þessa fækkun. Fjölgun skráðra einstaklinga varð hlutfallslega mest í heilsugæslustöðinni Firði (5,5%). Skráðum einstaklingum hjá sjálfstætt starfandi heimilislæknum fækkaði um 15% milli ára en tveir þeirra færðu sig yfir á heilsugæslustöð á árinu og skýrir það að einhverju leyti þessa fækkun (sjá töflu 1).

Tafla 1. Fjöldi skráðra einstaklinga á heilsugæslustöð í desember 2016 og 2017.

Fjöldi skráðra desember 2017	2016	2017	Breyting	Breyting í %
Árbær	16.544	14.666	- 1.878	-11,35%
Efra-Breiðholt	11.302	10.415	- 887	-7,85%
Efstaleiti	8.868	9.135	267	3,01%
Fjörður	11.041	11.726	685	6,20%
Garðabær	12.519	12.344	- 175	-1,40%
Glæsibær	8.602	8.759	157	1,83%
Grafarvogur	14.989	13.264	- 1.725	-11,51%
Hamraborg	10.466	10.600	134	1,28%
Hlíðar	10.175	10.468	293	2,88%
Hvammur	10.221	9.831	- 390	-3,82%
Miðbær	10.973	11.463	490	4,47%
Mjódd	9.778	9.758	- 20	-0,20%
Mosfellsumdæmi	9.931	9.849	- 82	-0,83%
Seltjarnarnes	16.289	16.043	- 246	-1,51%
Sólvangur	17.341	17.638	297	1,71%
Lágmúli	8.673	9.140	467	5,38%
Salahverfi	15.737	15.826	89	0,57%
Höfði*	-	8.969		-
Urðarhvarf**	-	4.763		-
Samtals	203.449	214.657	11.208	5,51%
Sjálfstætt starfandi heimilislæknar	14.841	12.571	- 2.270	-15,30%
Samtals m. sjálfst. starf. heimilisl.	218.290	227.228	8.938	4,09%

*Heilsugæslan Höfða opnaði í júní 2017

** Heilsugæslan Urðarhvarfi opnaði í ágúst 2017

Samkvæmt gögnum Sí eru um 10 þúsund manns skráðir á heilsugæslur höfuðborgarsvæðisins sem eiga lögheimili annars staðar en á höfuðborgarsvæðinu. Það sem veldur þessu er annars vegar það að einstaklingar sem búa í nágrennasveitarfélögum hafa skráð sig á heilsugæslur á höfuðborgarsvæðinu því það getur hentað vel t.d. vegna vinnu eða náms. Hins vegar hafa einstaklingar sem flutt hafa af höfuðborgarsvæðinu ekki alltaf verið afskráðir af sinni heilsugæslu því samræmt skráningarkerfi fyrir allt landið hefur ekki verið tekið í notkun.

Flestar skráningar á heilsugæslur á höfuðborgarsvæðinu af þeim sem ekki eiga þar lögheimili, eru frá Suðurnesjum. Um 2.000 manns sem lögheimili eiga á Suðurnesjum eru skráðir á heilsugæslur á

höfuðborgarsvæðinu. Næstir þar á eftir eru íbúar Selfoss, en um 1.200 manns sem lögheimili eiga á Selfossi eru skráðir með heilsugæslu á höfuðborgarsvæðinu. Um 900 íbúar Akraness og Akureyrar eru með skráða heilsugæslu á höfuðborgarsvæðinu, en alls eru íbúar með lögheimili frá 78 sveitarfélögum á landsbyggðinni með skráða heilsugæslu á höfuðborgarsvæðinu.

Heilsugæslan í Salahverfi er með flesta skráða sem ekki eiga lögheimili á höfuðborgarsvæðinu, eða um 1.200 manns, en fæstir af landsbyggðinni eru skráðir hjá heilsugæslunni Efstaleiti, rúmlega 200, sjá töflu 2. Þess ber að geta að heimilt er að skrá sig á heilsugæslu á höfuðborgarsvæðinu þó svo að einstaklingur eigi ekki lögheimili þar. Einstaklingur getur haft lögheimili á landsbyggðinni en haft tímabundna búsetu vegna vinnu eða náms á höfuðborgarsvæðinu og því hentað vel að velja heilsugæslustöð í samræmi við það.

Tafla 2. Fjöldi skráðra á heilsugæslur á höfuðborgarsvæðinu sem ekki eiga lögheimili á höfuðborgarsvæðinu.

HEILSUGÆSLA	FJÖLDI
Heilsugæslan Salahverfi	1.231
Heilsugæslan Sólvangi	882
Heilsugæslan Árbæ	766
Heilsugæslan Grafarvogi	739
Heilsugæslan Seltjarnarnesi	683
Heilsugæslan Efra-Breiðholti	662
Heilsugæslan Fjörður	605
Heilsugæslan Höfða	583
Heilsugæslan Urðarhvarfi	525
Heilsugæslan Glæsibæ	474
Heilsugæslan Miðbæ	474
Heilsugæslan Hlíðum	470
Heilsugæslan Mjódd	465
Heilsugæslan Mosfellsumdæmi	415
Heilsugæslan Lágmúla	409
Heilsugæslan Hamraborg	392
Heilsugæslan Hvammi	372
Heilsugæslan Garðabæ	330
Heilsugæslan Efstaleiti	232

Þar sem ekki er búið að tengja skráningu á öllum heilsugæslum á landinu við grunn Sí eru þeir einstaklingar sem flytja af höfuðborgarsvæðinu út á land í mörgum tilvikum ekki afskráðir af heilsugæslum á höfuðborgarsvæðinu. Þessir einstaklingar geta því verið tvískráðir, bæði hjá heilsugæslustöð á höfuðborgarsvæðinu og heilsugæslum á landsbyggðinni. Því er í raun verið að greiða heilsugæsluþjónustu fyrir sama einstaklinginn á tveimur stöðum því hann er skráður á tveim stöðum. Til að leiðrétta þetta er brýnt að koma allri landsbyggðinni í sameiginlegan grunn Sí svo hver einstaklingur sé eingöngu skráður á einn stað með sína heilsugæsluþjónustu.

Fjöldi koma á heilsugæslu

Fjöldi koma á heilsugæslustöðvar á höfuðborgarsvæðinu var samtals 488.193 árið 2017 miðað við 471.036 árið 2016, það er fjölgun um 4% milli ára. Komum fjölgaði hlutfallslega mest á heilsugæslustöðvunum í Efstaleiti (22%) og Firði (23%) en fækkaði mest í Grafarvogi (-11%) og í Efra-Breiðholti (-9%) (sjá töflu 3). Fækkun koma hjá Efra-Breiðholti og Grafarvogi er í samræmi við fækkun skráðra einstaklinga hjá þeim við það að nýjar stöðvar opnuðu í júní og ágúst 2017


Tafla 3. Fjöldi koma á heilsugæslustöðvar á höfuðborgarsvæðinu árið 2016 og 2017. *

Fjöldi koma	2016	2017	Breyting	Breyting í %
Árbær	39.790	40.157	367	1%
Efra-Breiðholt	27.912	25.476	- 2.436	-9%
Efstaleiti	19.380	23.675	4.295	22%
Fjörður	22.886	28.153	5.267	23%
Garðabær	25.764	25.586	- 178	-1%
Glæsibær	18.560	19.262	702	4%
Grafarvogur	37.993	33.798	-4.195	-11%
Hamraborg	21.067	22.364	1.297	6%
Hlíðar	19.760	20.835	1.075	5%
Hvammur	23.423	22.342	-1.081	-5%
Miðbær	22.162	23.889	1.727	8%
Mjódd	18.851	18.537	-314	-2%
Mosfellsumdæmi	26.587	25.202	- 1.385	-5%
Seltjarnarnes	38.505	38.349	-156	0%
Sólvangur	42.348	39.207	- 3.141	-7%
Lágmúli	20.931	19.625	-1.306	-6%
Salastöðin	45.117	42.344	- 2.773	-6%
Höfði**	-	15.776	-	-
Urðarhvarf***	-	3.616	-	-
Samtals	471.036	488.193	17.157	4%
Sjálfstætt starfandi heimilislæknum	32.690	28.956	-3.734	-11%
Samtals m.sjálfstætt st. heimilislæknum	503.726	517.149	13.423	3%

*Þegar talað er um komu er átt við komu á heilsugæslustöð til heilbrigðisstarfsmanna (lækna, hjúkrunarfræðinga, sálfræðinga, hreyfistjóra). Einnig eru taldar komur í mæðravernd, ungbarnavernd og rannsóknir.


** Heilsugæslan Höfða tók til starfa í júní 2017

*** Heilsugæslan Urðarhvarfi tók til starfa í ágúst 2017.



Mynd 1. Heildarkomur á heilsugæslustöðvar á höfuðborgarsvæðinu eftir mánuðum, samanburður á árinu 2016 og 2017.

Komur eru fleiri í flestum mánuðum árið 2017 nema í febrúar, apríl og september sem skýrist að miklu leyti með fjölda frídaga, m.a. vegna páska og hlaupárs árið 2016. Í viðaukum 1 og 2 má sjá komufjölda skráðra einstaklinga og annarra á heilsugæslustöðvar eftir mánuðum.



Mynd 2. Meðalkomur á mánuði á heilsugæslu, bæði skráðra einstaklinga á eigin heilsugæslu og annarra, árið 2017.

Meðalkomur á heilsugæslu voru 2.141 koma á mánuði, þar af voru að meðaltali 2.058 komur hjá skráðum einstaklingum á eigin stöð og 155 komur að meðaltali frá öðrum.


Að meðaltali eru flestar komur hjá heilsugæslunni Salahverfi (3.529 komur/mán), Árbæ (3.346 komur/mán), Sólvangi (3.267 komur/mán) og Seltjarnarnesi (3.196 komur/mán). Flestar komur hjá öðrum en skráðum voru hjá Árbæ (343 komur/mán) Höfða (275 komur/mánuði) og Miðbæ (230 komur/mánuði).

Að meðaltali sóttu um 13% þeirra sem skráðir eru á heilsugæslustöð þjónustu á sína stöð í hverjum mánuði. Hæsta hlutfallið var hjá heilsugæslunni Höfða (22%) og það lægsta var hjá heilsugæslunni í Hlíðum, Miðbæ og Mjódd (11%).



Mynd 3. Meðalhlutfall skráðra einstaklinga sem sóttu eigin heilsugæslu í hverjum mánuði árið 2017.

Að meðaltali voru komur á síðdegisvakt um 10% af heildarkomum til heilsugæslunnar. Þegar komur á síðdegisvakt heilsugæslu eru skoðaðar sést að hlutfall koma utan dagvinnutíma af heildarkomum er hæst hjá heilsugæslunni í Mosfellsumdæmi (25%), en hins vegar má benda á að þeirra skjólstæðingar sækja þjónustu Læknavaktar hlutfallslega minna en skjólstæðingar annarra stöðva. Í Mosfellsbæ var starfrækt sólarhringsvakt lækni til 1. febrúar 2017, en það ætti ekki að hafa afgerandi áhrif á fjölda koma á síðdegisvakt eða komur á Læknavakt yfir allt árið. Hlutfall koma utan dagvinnutíma er lægst hjá heilsugæslunni Urðahvarfi og Garðabæ.



Mynd 4. Hlutfall koma utan dagvinnutíma af heildarkomum eftir heilsugæslum árið 2017.

Komur til sérgreinalækna og á bráðamóttöku Landspítala

Komur til sérgreinalækna

Komur skráðra einstaklinga hjá heilsugæslum á höfuðborgarsvæðinu til sjálfstætt starfandi sérgreinalækna (barnalækna og geðlækna)² voru 66.499 árið 2017 eða að meðaltali 5.686 komur á mánuði. Árið 2016 voru komur til sérgreinalækna skráðra einstaklinga á heilsugæslur höfuðborgarsvæðisins 64.359 og því virðist við fyrstu sýn að það hafi orðið fjölgun á komum til sérgreinalækna. En ef komur til sérfræðilækna eru skoðaðar sem hlutfall af skráðum einstaklingum hjá heilsugæslunni á höfuðborgarsvæðinu hefur orðið 2,8% fækkun koma skráðra einstaklinga til sérgreinalækna frá árinu 2016, sjá töflu 4. Það er í samræmi við þau markmið að efla heilsugæsluna sem fyrsta viðkomustað þeirra sem þurfa á heilbrigðisþjónustu að halda.

Tafla 4. Samanburður milli 2016 og 2017 á heildarkomum skráðra einstaklinga hjá heilsugæslustöðvum höfuðborgarsvæðisins til sérfræðilækna.

	2016	2017	Hlutfallsleg breyting
Heildarfjöldi koma til sérfræðilækna*	64.359	66.499	
Meðalfjöldi skráðra á heilsugæslur höfuðborgarsvæðis	196.551**	208.999	
Komur á skráðan einstakling	0,327	0,318	-2,83%

*Eingöngu eru taldar komur til barnalækna og geðlækna.

** Tekið er meðaltal af skráðum einstaklingum í janúar og desember 2016.

Skoðað var hversu margar tilvísanir voru gefnar út vegna barna hjá heilsugæslunni á höfuðborgarsvæðinu. Þar sem ekki var hægt að skoða þennan þátt sérstaklega fyrir en í lok árs 2017 var eingöngu tekinn út nóvember mánuður 2017. Fjöldi koma til sérfræðilækna með tilvísun var að meðaltali um 43% og er það í samræmi við tölur í skýrslu um greiðsluþátttökukerfið sem gefin var út af SÍ í júní 2018. Flestar komur með tilvísun eru frá heilsugæslunni Höfða og Lágmúla og fæstar eru frá heilsugæslunni Hlíðum. Sjá mynd 5.



Mynd 5. Hlutfall barna sem skráð eru hjá heilsugæslum á höfuðborgarsvæðinu í nóvember 2017, með tilvísun frá heilsugæslu til sérfræðilækna.

Þegar skoðað er hversu hátt hlutfall skráðra einstaklinga sækir þjónustu sérgreinalækna virðist það almennt vera um 2% skráðra einstaklinga á stöð. Ekki er hægt að sjá að mikill munur sé á milli stöðva. Hlutfallið fer frá 1,96% hjá heilsugæslunni Efra-Breiðholti upp í 2,5% hjá heilsugæslunni Miðbæ. Sjá

² Eingöngu voru taldar komur til barnalækna og geðlækna árið 2017. Komur til hjartalækna komu ekki inn í útreikninga í módelið það ár.

töflu 5. Ítrekað skal að í komum til sérfræðilækna eru eingöngu taldar komur til geðlækna og barnalækna. Með breyttu greiðslupáttökukerfi í maí 2017 fengu börn gjaldfrjálsa þjónustu sérgreinalækna ef þau voru með tilvísun frá heimilislækni, þrátt fyrir það virðist vera hlutfallsleg fækkun koma til sérgreinalækna, sbr. tölur í töflu 4.

Tafla 5. Meðalfjöldi koma skráðra einstaklinga á mánuði hjá heilsugæslum á höfuðborgarsvæðinu til sérgreinalækna árið 2017. Hlutfall einstaklinga sem skráðir eru á hverja stöð og fóru til sérgreinalækna 2017.

Heilsugæslustöðin	Fjöldi koma	Fjöldi einstaklinga	Fjöldi koma á einstakling	Hlutfall einstaklinga af fjölda skráðra á stöð
Árbæ	423	334	1,27	2,11%
Efra-Breiðholti	256	211	1,21	1,96%
Efstaleiti	251	195	1,28	2,17%
Fjörður	356	288	1,24	2,52%
Garðabæ	330	258	1,28	2,07%
Glæsibæ	268	209	1,28	2,41%
Grafarvogi	398	318	1,25	2,21%
Hamraborg	271	216	1,26	2,03%
Hlíðum	265	206	1,29	1,99%
Hvammi	233	188	1,24	1,89%
Höfða	202	162	1,25	2,31%
Lágmúla	248	186	1,33	2,06%
Miðbæ	248	195	1,28	1,72%
Mjódd	248	200	1,24	2,05%
Mosfellsumdæmi	252	198	1,27	1,98%
Salahverfi	468	377	1,24	2,39%
Seltjarnarnesi	408	331	1,23	2,02%
Sólvangi	460	368	1,25	2,10%
Urðarhvarfi	104	86	1,20	1,95%
Meðaltal	299	238	1,26	2,10%

Komur á bráðamóttöku (BMT) Landspítala.

Komur á BMT Landspítala voru skráðar 52.588 árið 2017 og er það um 8% fjölgun koma hjá skráðum skjólstæðingum heilsugæslunnar frá því árið 2016. Tæplega tvö prósent skráðra einstaklinga á heilsugæslum höfuðborgarsvæðis leita til bráðamóttöku í hverjum mánuði. Hlutfallslega flestir af skjólstæðingum Höfða sækja þjónustu á BMT (2,21%) en hlutfallslega fæstir af skjólstæðingum Seltjarnarness (1,59%).

Tafla 6. Meðalfjöldi koma skráðra einstaklinga á mánuði hjá heilsugæslum á höfuðborgarsvæðinu á bráðamóttöku árið 2017. Hlutfall einstaklinga af heildarfjölda skráðra sem sótti þjónustu sérgreinalækna.

Heilsugæslustöðin	Fjöldi koma	Fjöldi einstaklinga	Fjöldi koma / einstakling	Hlutfall einstakling af fjölda skráðra á stöð
Árbæ	328	290	1,13	1,84%
Efra-Breiðholti	245	214	1,14	1,98%
Efstaleiti	193	170	1,13	1,89%
Fjörður	263	232	1,13	2,02%
Garðabæ	259	231	1,12	1,85%
Glæsibæ	194	170	1,14	1,97%
Grafarvogi	296	255	1,16	1,77%
Hamraborg	216	191	1,13	1,80%
Hlíðum	208	183	1,14	1,77%
Hvammi	222	198	1,12	1,98%
Höfða	183	155	1,19	2,21%
Lágmúla	199	179	1,11	1,98%
Miðbæ	211	186	1,14	1,64%
Mjódd	223	192	1,16	1,97%
Mosfellsumdæmi	186	165	1,13	1,66%
Salahverfi	308	271	1,14	1,72%
Seltjarnarnesi	294	260	1,13	1,59%
Sólvangi	389	341	1,14	1,95%
Urðarhvarfi	103	90	1,15	2,04%
Meðaltal	238	209	1,14	1,87%

Læknavaktin


Lágmarksþjónustutími heilsugæslustöðva er frá 9:00 – 17:00. Í kröfulýsingu er gerð krafa um vaktþjónustu til kl. 23.00 alla virka daga og kl. 09.00 til 22.00 um helgar. Flestar stöðvar eru þó með síðdegisvakt eftir 16:00 á daginn til kl. 18:00. Eftir þann tíma er gert ráð fyrir að Læknavaktin sinni þjónustu þeirra sem þurfa á þjónustu heilsugæslulækna að halda samkvæmt samningi milli Sí og Læknavaktarinnar ehf. Því er hluti af fjármagni sem ætlað er til heilsugæslunnar á Höfuðborgarsvæðinu samkvæmt fjárlögum notað til að standa straum af greiðslum til Læknavaktar. Hver heilsugæslustöð greiddi 4.400 kr. til Læknavaktar fyrir hverja komu skjólstæðinga þeirra til Læknavaktar. Það er sama gjald og greitt var ef einstaklingur sótti þjónustu á dagvinnutíma annað en á þá heilsugæslustöð sem hann er skráður hjá.

Alls sóttu rúm 30% einstaklinga sem skráðir eru á heilsugæslur á höfuðborgarsvæðinu þjónustu Læknavaktar árið 2017. Flestar komur eru frá skjólstæðingum heilsugæslunnar Sólvangi enda er það fjölmennasta heilsugæslan á höfuðborgarsvæðinu (7.682 komur frá 7.100 einstaklingum). Yfir 40% skjólstæðinga heilsugæslunnanna í Firði, Hamraborg, Hvammi, Mjódd og Sólvangi sóttu þjónustu Læknavaktar einhvern tíma ársins 2017. Fæstar komur á Læknavakt eru frá skjólstæðingum Urðarhvarfs (11%), Seltjarnarnesi (18%), Höfða (16%) og Mosfellsumdæmi (20%). Komur skráðra einstaklinga á Læknavakt hefur áhrif á greiðslur til heilsugæslustöðva eins og sjá má í kafla um hlutdeild. Almennt fara einstaklingar ekki mikið oft en einu sinni á Læknavakt á ári en þegar allt árið var skoðað kom í ljós að meðalfjöldi koma/einstakling er 1,08 komur/ári..

Tafla 7. Meðalfjöldi koma skráðra einstaklinga á mánuði hjá heilsugæslum á höfuðborgarsvæðinu á Læknavakt 2017. Hlutfall einstaklinga af heildarfjölda skráðra sem sótti þjónustu á Læknavakt.

Heilsugæslur	Fjöldi koma	Fjöldi kennitalna	Fjöldi koma/einstakling	Hlutfall einstaklinga af fjölda skráðra á stöð
Árbæ	414	389	1,06	2,48%
Efra-Breiðholti	377	348	1,08	3,24%
Efstaleiti	235	218	1,07	2,42%
Fjörður	449	416	1,08	3,62%
Garðabæ	415	385	1,08	3,08%
Glæsibæ	277	251	1,10	2,90%
Grafarvogi	439	409	1,07	2,86%
Hamraborg	402	372	1,08	3,51%
Hlíðum	242	228	1,06	2,19%
Hvammi	416	382	1,09	3,84%
Höfða	172	159	1,08	2,28%
Lágmúla	242	225	1,07	2,49%
Miðbæ	215	202	1,06	1,78%
Mjódd	386	354	1,09	3,63%
Mosfellsumdæmi	174	165	1,06	1,65%
Salahverfi	479	450	1,06	2,85%
Seltjarnarnesi	254	239	1,06	1,46%
Sólvangi	640	592	1,08	3,38%
Urðarhvarfi	102	97	1,05	2,19%

Ef allar komur til Læknavaktar eru skoðaðar kemur í ljós að um 90% koma til þeirra er vegna þjónustu við einstaklinga sem skráðir eru á heilsugæslur á höfuðborgarsvæðinu. Flestu komurnar eru í janúar – apríl og síðan aftur í desember, það er þessa dæmigerðu flensumánuði yfir veturinn, sjá mynd 6.



Mynd 6. Komur á Læknavakt eftir mánuðum árið 2017. Undir liðnum „Komur aðrir“, eru bæði komur sjúkratryggðra sem eru skráðir á heilsugæslur utan höfuðborgarsvæðis og komur ósjúkratryggðra.

Alls voru millifærðar rúmar 300 milljónir úr fjármögnunarmódeli frá heilsugæslum á höfuðborgarsvæðinu fyrir þjónustu Læknavaktar. Hæsta greiðslan kemur frá Sólvangi og lægsta greiðslan frá Urðahvarfi sem er í samræmi við notkun þeirra skjólstæðinga á þjónustu Læknavaktarinnar.

Tafla 8. Millifærslur til Læknavaktar frá heilsugæslum á höfuðborgarsvæðinu árið 2017 og meðalgreiðsla á hvern skráðan einstakling

Heilsugæsla	Greitt til Læknavaktar	Meðalfjöldi skráðra 2017	Meðalgreiðsla á skráðan einstakling
Árbæ	21.837.200	15.707	1.390
Efra-Breiðholti	19.888.000	10.746	1.851
Efstaleiti	12.386.000	9.014	1.374
Fjörður	23.685.200	11.485	2.062
Garðabæ	21.885.600	12.494	1.752
Glæsibæ	14.603.600	8.648	1.689
Grafarvogi	23.174.800	14.320	1.618
Hamraborg	21.221.200	10.606	2.001
Hlíðum	12.799.600	10.379	1.233
Hvammi	21.960.400	9.950	2.207
Höfða*	5.288.800	6.996	756
Lágmúla	12.751.200	9.044	1.410
Miðbæ	11.343.200	11.318	1.002
Mjódd	20.372.000	9.768	2.086
Mosfellsumdæmi	9.196.000	9.994	920
Salahverfi	25.273.600	15.772	1.602
Seltjarnarnesi	13.415.600	16.342	821
Sólvangi	33.800.800	17.495	1.932
Urðarhvarfi**	2.235.200	4.408	507
Samtals	327.118.000	214.485	1.525

*Heilsugæslustöðin Höfða hóf störf í júní 2017

** Heilsugæslustöðin Urðarhvarfi hóf störf í ágúst 2017

Hlutdeild veittrar þjónustu

Heilsugæslustöðvar fá greiðslu ef ákveðið hlutfall sóttar þjónustu þeirra skjólstæðinga er á viðkomandi heilsugæslustöð frekar en að skjólstæðingar sækja grunnheilbrigðisþjónustu á aðrar stöðvar, til tiltekinna sérgreinalækna eða á bráðamóttöku (BMT). Það er því hagur hverrar stöðvar að veita góða þjónustu svo hún sé að jafnaði fyrsti viðkomustaður skjólstæðingsins þegar hann þarf á heilbrigðisþjónustu að halda.

Grunnheilbrigðisþjónusta er skilgreind sem komur í eftirtalin úrræði:

- á heilsugæslustöð (eigin stöð og aðrar stöðvar), til sjálfstætt starfandi heimilislækna eða á Læknavakt.
- á BMT Landspítala.
- til barnalækna sem starfa utan stofnana og skv. samningi við SÍ.
- til geðlækna sem starfa utan stofnana og skv. samningi við SÍ.

Allar komur einstaklinga í skilgreinda grunnheilbrigðisþjónustu, sbr. hér að ofan, eru teknar saman og reiknað hversu hátt hlutfall komur á eigin stöð eru af heildarfjölda koma.


Hlutdeild veittrar þjónustu = $\frac{\text{Komur á skráða heilsugæslustöð}}{(\text{komur á skráða heilsugæslu} + \text{aðrar heilsugæslur} + \text{BMT} + \text{komur til barna- geð- og hjartalækna})}$

Greiddar voru 5,3 kr. fyrir hvert prósentustig umfram 50% í hlutdeild en að hámarki 80%. Upphæð á prósentustig (einingaverðið) og umframprósentustigið eru síðan margfölduð með kostnaðarvegnum fjölda skráðra á stöð.

Greitt fyrir hlutdeild = (Umfram hlutdeild) x (5,3 kr.) x (Kostnaðarveginn fjöldi á stöð)

Alls voru ætluð 2,9% af heildarfjármagni í greiðslur fyrir hlutdeild. Fimm stöðvar voru að meðaltali með yfir 70% hlutdeild árið 2017. Allar stöðvar náðu vel yfir 50% hlutdeild (sjá mynd 7).

Hæstu greiðslur vegna hlutdeildar fóru til Seltjarnarness (25 m.kr) og Salahverfis (21 m.kr) enda er hlutdeild þeirra vel yfir 70% að meðaltali. Til að átta sig á hvað hlutdeild skiptir miklu máli varðandi greiðslur til heilsugæslustöðva má benda á að Sólvangur sem er fjölmennari stöð en Salahverfi og Seltjarnarnes er með lægri hlutdeild en þær stöðvar (66,86% hlutdeild) Greiðsla til hennar er því umtalsvert lægri (17 m.kr.) og munar þar mestu um fleiri komur þeirra skjólstæðinga til Læknavaktar (sjá töflu 7 og 8).



Mynd 7. Meðalhlutdeild í mánuði yfir allt árið 2017 eftir heilsugæslustöð

Seinni part árs 2017, eftir að breytt greiðsluþátttökukerfi fyrir heilbrigðisþjónustu tók gildi, var ákveðið að taka tillit til þess í útreikningum á hlutdeild ef einstaklingur leitaði til sérgreinalækna með tilvísun. Þær komur til sérgreinalækna töldu þá ekki inn í útreikninga á hlutdeild. Tilvísunarkerfið á eingöngu við um börn sem fara til sérgreinalækna. Líklega hefur sú ákvörðun, samhliða auknu aðgengi að þjónustu heilsugæslunnar, haft áhrif á að hlutdeild hækkaði að meðaltali um 4,3% frá byrjun árs og fram undir lok árs 2017. Hlutfallslega varð mest hækkun hjá heilsugæslunni í Miðbæ (11,0%), Hvammi (10,0%), Sólvangi (9,9%) og Hamraborg (9,8). sjá töflu 9.

Tafla 9. Hlutdeild eftir heilsugæslustöðvum. Samanburður á janúar og nóvember 2017 (desember ekki hentugur samanburðarmánuður vegna fjölda frídaga).

Hlutdeild	Jan 2017	Nóvember 2017	Breyting	Breyting í %
Árbæ	72,120	73,632	1,511	2,1%
Efra-Breiðholti	68,706	71,166	2,460	3,6%
Efstaleiti	71,761	75,972	4,210	5,9%
Fjörður	66,794	71,815	5,021	7,5%
Garðabæ	64,717	68,992	4,274	6,6%
Glæsibæ	65,960	68,231	2,270	3,4%
Grafarvogi	69,064	68,621	-0,443	-0,6%
Hamraborg	62,973	69,128	6,155	9,8%
Hlíðum	64,608	70,439	5,831	9,0%
Hvammi	61,050	67,125	6,075	10,0%
Höfða	-	77,518	77,518	-
Lágmúla	69,422	69,135	-0,287	-0,4%
Miðbæ	67,390	74,804	7,413	11,0%
Mjódd	60,749	64,718	3,968	6,5%
Mosfellsumdæmi	78,583	78,407	-0,176	-0,2%
Salahverfi	75,480	74,313	-1,167	-1,5%
Seltjarnarnesi	76,311	76,927	0,616	0,8%
Sólvangi	64,143	70,503	6,361	9,9%
Urðarhvarfi	-	60,500	60,500	-
Meðaltal	68,225	71,155	2,930	4,3%

Kostnaðar- og þarfavísitala

Kostnaðarvísitala (KVT)

Eins og fram hefur komið þá á fjármagn til heilsugæslustöðva að endurspegla þann skjólstæðingahóp sem hún sinnir. Þeir einstaklingar sem sækja þjónustu heilsugæslunnar mest eru ung börn, aldraðir og konur á barneignaraldri (meðgöngueftirlit). Þar af leiðandi vega þessir hópar þyngst þegar reiknað er fjármagn til heilsugæslunnar. Heilsugæslan fær því ekki eingöngu greitt í samræmi við fjölda skjólstæðinga sem skráður er á stöð heldur einnig eftir því hvernig hópurinn sem hún sinnir er samsettur. Ef margir aldraðir eða börn eru skráð á heilsugæslustöð má búast við því að sá hópur þurfi meiri þjónustu en almenningur á aldrinum 18 – 67 ára og greiðslur til heilsugæslunnar eiga að taka mið af því.

KVT er notuð til að endurspegla aldursdreifingu þess aldurshóps sem skráður er á stöð. Meðaleinstaklingur fær þyngdina 1, 00. Sá hópur sem vegur þyngst í kostnaðarvísitölu eru einstaklingar 65 ára og eldri og síðan ung börn að fjögurra ára aldri. Heilsugæslustöðvar sem eru með hlutfallslega fleiri einstaklinga yfir 65 ára aldri og ung börn fá því gildi sem er hærra en 1. Þær stöðvar sem eru með hlutfallslega fleiri einstaklinga á miðjum aldri fá gildi sem er lægra en 1. Þegar búið er að finna kostnaðarvísitöluna er hún stöðluð miðað við heildarfjölda og margfölduð með fjölda skráðra á stöð til að finna staðlaðan kostnaðarveginn fjölda fyrir hverja stöð.


Tafla 10. KVT, kostnaðarveginn fjöldi skráðra á stöð og greitt samkvæmt KVT í desember 2017.

Heilsugæslustöðin	Fjöldi skráðra á stöð	KVT	Kostnaðarveginn fjöldi	Greitt v. KVT
Árbæ	14.666	0,94	13.855	14.808.723 kr.
Efra-Breiðholti	10.415	0,97	10.108	10.803.633 kr.
Efstaleiti	9.135	1,15	10.540	11.266.332 kr.
Fjörður	11.726	1,01	11.895	12.714.199 kr.
Garðabæ	12.344	1,04	12.853	13.737.874 kr.
Glæsibæ	8.759	1,06	9.295	9.935.251 kr.
Grafarvogi	13.264	0,97	12.845	13.729.609 kr.
Hamraborg	10.600	1,05	11.155	11.923.704 kr.
Hlíðum	10.468	0,99	10.360	11.073.952 kr.
Hvammi	9.831	1,05	10.349	11.061.670 kr.
Höfða	8.969	0,99	8.841	9.450.013 kr.
Lágmúla	9.140	1,10	10.039	10.730.031 kr.
Miðbæ	11.463	0,97	11.074	11.836.214 kr.
Mjódd	9.758	1,02	9.942	10.626.858 kr.
Mosfellsumdæmi	9.849	0,93	9.110	9.737.869 kr.
Salahverfi	15.826	0,96	15.232	16.281.477 kr.
Seltjarnarnesi	16.043	1,00	16.014	17.116.583 kr.
Sólvangi	17.638	0,95	16.759	17.913.511 kr.
Urðarhvarfi	4.763	0,92	4.391	4.693.364 kr.
Alls	214.657		214.657	229.440.867 kr.

Staðlaður kostnaðarveginn fjöldi er notaður til að skipta fjármagni hlutfallslega milli stöðva. Rúmlega 40% af fjármagni sem fer til heilsugæslunnar er greitt til stöðva samkvæmt kostnaðarvísitölu. Í töflu 10 sést hvaða áhrif kostnaðarvísitala hefur á greiðslur til heilsugæslustöðva. Stöðvar með svipaðan fjölda skjólstæðinga eins og t.d. Hamraborg og Hlíðar eru með ólíka kostnaðarvísitölu og því munar tæplega 800 manns á kostnaðarvegnum fjölda þó svo að eingöngu muni 132 á skráðum einstaklingum. Það endurspeglast síðan í greiðslu til stöðvanna vegna kostnaðarvísitölu, Hamraborg fékk greiddar tæpar 12 milljónir vegna kostnaðarvísitölu í desember 2017 en Hlíðar rétt um 11 milljónir.

Á mynd 8 má sjá skiptingu skráðra eftir aldursflokkum á heilsugæslustöðvum í lok árs 2017. Heilsugæslan í Lágmúla er með hlutfallslega flesta aldraða skráða hjá sér (18%). Heilsugæslan Efstaleiti, Hvammi og Urðahvarfi eru einnig með hátt hlutfall aldraðra (16%). Urðahvarf er með lægsta hlutfallið af yngsta aldurshópnum (8%) sem skýrir e.t.v. af hverju þeirra kostnaðarvísitala er lægri en hjá Hvammi og Efstaleiti. Flestir í yngsta aldurshópnum eru hjá Firði (17%) og Salahverfi (18%)

Kostnaðarvísitalan er hæst hjá heilsugæslunni Efstaleiti (1,15) og Lágmúla (1,1) en eins og fram kom hér að ofan eru báðar þessar stöðvar með frekar hátt hlutfall aldraðra skráða á sína stöð sem endurspeglast í kostnaðarvísitölu. Kostnaðarvísitalan er lægst hjá Urðahvarfi (0,92) og Mosfellsumdæmi (0,93) Sjá töflu 8.



Mynd 8. Hlutfallsleg aldursdreifing á heilsugæslustöðvum í lok árs 2017.

Þarfavísitala

